

Minnisblað 3.6.2013

Fyrir fund stjórnar Samtaka Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu þann 6. maí 2013 var Róberti Ragnarssyni fyrir hönd Grindavíkurbæjar og Sverri Bollasyni fyrir hönd stjórnar Reykjanesfólkvangs falið að vinna að tillögum um næstu skref í málefnum Reykjanesfólkvangs í samræmi við bókun stjórnar SSH 11. febrúar 2013. Eftirfarandi eru niðurstöður þess samráðs:

Tillaga

Markmið þessarar tillögu er að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi samstarf um Reykjanesfólkvang og farsælli stefnumörkun fyrir svæðið. Lögð er áhersla á eftirfarandi atriði í samvinnu um rekstur svæðisins:

1. Að skipaðir verði bæjar- eða borgarfulltrúar, eða aðrir þeir sem hafi skýrt umboð síns sveitarfélags til ákvarðanatöku. (Hver sveitarstjórn fyrir 1. september 2013)
2. Að rekstrarfé fólkvangsins verði aukið svo halda megi úti þeirri starfsemi sem talin er nauðsynleg. (Hver sveitarstjórn fyrir 1. september 2013)
3. Að skilgreind verði samvinna milli Reykjanesfólkvangs við annarsvegar Reykjanes jarðvang og hinsvegar Bláfjallafólkvang. (Róbert og Sverrir vinna tillögu fyrir 1. September 2013)
4. Að umgjörð fólkvangsins verði skýrð með samstarfssamningi og að unnið verði að gerð nýrrar auglýsingar. (Stjórn Reykjanesfólkvangs fyrir 1. September 2013)
5. Að fyrir liggja umsögn allra sveitarfélaga um drög að Stjórnunaráætlun fólkvangsins. (Hver sveitarstjórn fyrir 1. september 2013)

Greinargerð

Þegar kemur að ákvarðanatöku á vettvangi stjórnar Reykjanesfólkvangs er mikilvægt að fulltrúar í stjórn bæði njóti trúnaðar viðkomandi sveitarstjórnar og að það hafi umboð til að taka ákvarðanir að því marki sem nauðsynlegt og mögulegt er á fundum stjórnar. Einnig er það talið mikilvægt fyrir frekari þróun á stjórnun svæðisins að viðkomandi fulltrúar hafi tækifæri til að beita sér fyrir þróun svæðisins í sveitarstjórn. Lagt er upp með að öll aðildarsveitarfélög hafi skipað fulltrúa í samræmi við tölulíð 1 fyrir 1. september 2013. Aukið fjármagn komi til með að gera svæðið aðgengilegra og öruggara árið um kring. Unnið verði að þróun og viðhaldi svæðisins allt árið svo íbúar og ferðamenn fái notið svæðisins. Miðað er við að rekstrarfé fólkvangsins verði tvöfaldað strax á árinu 2013, í samræmi við tölulíð 2 og tekin ákvörðun um framlög til næstu þriggja ára í kjölfarið. Vistun á starfsemi stjórnar verði metin til tekna og sem hluti af framlagi til samstarfsins. Hagræðis og tækifæra verður leitað með samvinnu um stjórnun og umsjón með Reykjanes jarðvangi og Bláfjallafólkvangi. Formleg umgjörð fólkvangsins í bráð og lengd verði skýrð. Fyrst verði gerð samþykkt um störf og starfshætti stjórnar Reykjanesfólkvangs. Unnið verði að mótun nýrrar auglýsingar fyrir fólkvanginn í samvinnu við Umhverfisstofnun og stefnt að birtingu nýrrar auglýsingar. Efni auglýsingar og samstarfssamnings byggji meðal annars á drögum stjórnunaráætlunar og mun stjórn halda áfram að móta þá áætlun í samráði við aðildarsveitarfélögin. Áður en ákvörðun verður tekin um gerð nýrrar auglýsingar og samstarfssamnings skulu öll aðildarsveitarfélögin skila inn formlegri umsögn um drög að stjórnunaráætlun Reykjanesfólkvangs þar sem tekin er afstaða til þeirra tillagna sem þar liggja frammi, eða eftir atvikum lagðar fram breytingatillögur. Á þann hátt geta öll aðildarsveitarfélögin séð hver er raunveruleg afstaða hinna sveitarfélaganna. Lögð er áhersla á að sú umsögn liggja fyrir eigi síðar en 1. september 2013.

Sverrir Bollason
Róbert Ragnarsson